

Fundargerð 86. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 27. maí kl. 08:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar á Park Inn í Reykjanesbæ.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Ása Valdís Árnadóttir, ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga - skattlagning orkumannvirkja - óskað umsagnar - 2505001SO

Í samráðsgátt stjórnvalda er til umsagnar áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga þar sem lagt er til að fella úr gildi undanþágu rafveitna (vatnsafls-, jarðvarma- og vindaflsvirkjana) frá fasteignamati. Til umræðu á fundinum voru drög að umsögn samtakanna.

Stjórn fór yfir drög að umsögn og samþykkir að fela starfsmanni samtakanna að klára umsögn út frá umræðum á fundinum og senda til aðildarsveitarfélaga.

2. Samþykktir Samtaka orkusveitarfélaga - 2410002SO

Til umræðu var hvernig standa ætti að endurskoðun samþykktu samtakanna.

Stjórn samþykkir að skipa Jónínu Brynjólfsdóttur og Ísleif Jónasson í starfsnefnd um endurskoðun samþykktu samtakanna og að starfsmaður samtakanna vinni með þeim.

Endurskoðun skal vera lokið haustið 2025 og verður þá haldinn aukaaðalfundur til að staðfesta breytingar á samþykktum.

3. Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2011002SO

Til umræðu voru næstu skref í starfsáætlun samtakanna.

Stjórn samþykkir að halda stjórnarfund með stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum í júní til að fara yfir næstu skref í markmiðum samtakanna um að unnið verði í því að dreifing rafmagns sé ekki hærri í dreifbýli en þéttbýli.

Jafnframt felur stjórnin starfsmanni samtakanna að vinna minnisblað fyrir stjórn um jöfnun raforkuverðs.

4. Samtal við fulltrúa aðildarsveitarfélaga á Suðurnesjum - 2504005SO

Gestir undir þessum lið voru Ásrún Helga Kristinsdóttir, Hjálmar Hallgrímsson og Fannar Jónasson frá Grindavíkurbæ og Guðný Birna Guðmundsdóttir,

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Sigurrós Antonsdóttir, Sverrir Bergmann Magnússon og Valgerður Björk Pálsdóttir frá Reykjanesbæ.

Stjórn þakkar fulltrúum Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar fyrir gott og gagnlegt samtal.

Fundi var slitið kl. 13:00